

Til foreldra /forráðamanna

Árshátíð skólans verður haldin föstudaginn 8. apríl í Hjálmakletti Mennta- og menningarhúsi Borgarbyggðar og eru allir forráðamenn og aðrir velunnarar skólans hvattir til að koma.

Sýningar verða tvær kl. 16:30 og 18:30.

Aðgangseyrir er kr. 500- fyrir 16 ára og eldri. Frítt fyrir 15 ára og yngri. Við verðum ekki með posa.

Þema árshátíðarinnar í ár er **ÆVINTÝRI** og verður það túlkað á fjölbreytilegan hátt af nemendum allra bekkja skólans.

Allur ágóði rennur í ferðasjóð nemenda vegna ferða í skólabúðir.

Nemendur mæta kl. 16:00 í Menntaskólann og verða í skólanum þar til þeirra atriði er búið í seinni sýningunni en þá er þeim velkomið að fara heim (foreldrar sækja yngri nemendur, í 1. – 3. bekk). Nemendur eru búnir að sjá sýninguna og er ekki ætlast til þess að þeir komi á þá seinni!

Boðið verður uppá skólaakstur fyrir nemendur úr dreifbýli (1.-6. bekk) kl. 13:25 og aftur til baka svo tímanlega að þeir geti mætt aftur kl. 16. Láta skólabílstjóra vita í fyrramálið um þátttöku. Nemendur eldri deildar geta farið í Óðal að lokinni kennslu. Síðan verður skólaakstur að lokinni síðari sýningu, bæði í sveitir og innanbæjar.

Nemendur sem eru í Tómskundaskólanum til 16:00 verður fylgt í Menntaskólann.

Nemendur eru hvattir til að mæta vel nestaðir, með hollt og gott nesti.

Nemendur mega taka með sér blöð, bækur og spil sér til afþreyingar á milli sýninga.

*Skólastjórnendur*